

**31. fundur byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að  
Miðtúni 1, Tálknafirði, miðvikudaginn 7. apríl 2010 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Guðlaugur Jónsson (GJ), Heiðar Jóhannsson (HJ), Aðalsteinn Magnússon (AM), Sigurvin Hreiðarsson (SH).

**Fundargerð ritaði:** Heiðar Jóhannsson , byggingafulltrúi

Fundargerð rituð af byggingafulltrúa (HJ) á fundinum, færð í tölvu af oddvita 12.apríl 2010.

**Dagskrá:**

**1. 0911013 - Gámabyggð við Hafnargötu, beiðni um tillögu að  
framtíðarskipan.**

Fyrir fundinum lá erindi frá oddvita sem varðaði afgreiðslu á drögum að framtíðarskipan gáma í firðinum sem nefndin hafði gert og sent til hreppsnefndar. Nefndin yfirfór drögin og leggur þau fram sem tillögu með smávægilegum breytingum á meðfylgjandi blöðum. Samþykkt samhljóða.

**2. 1001038 - Færsla á gámum**

Erindi frá Þór Magnússyni f.h. BA-337 ehf., sem frestar var á fundi 25.01.2010 sækir hann um að færa 3 gáma úr gámabyggðinni á sandinum og setja þá niður á lóð Strandgötu 45. Nefndin samþykkir færsluna og er leyfið veitt til þess tíma, þar til reglugerð um gámaleyfi tekur gildi. Samþykkt samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____